

# MONITOR



FRÍTT  
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAD

# Ray-Ban® dagar í Optical Studio



UMBOD FYRIR RAY BAN Á ÍSLANDI

Optical Studio  
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

Aðspurður hvort allir frá Sauðárkróki væru sköllóttir, svaraði Sverrir: „Nei, ekki Eyjólfur Sverrisson.“

## KRISTÍN

**Fyrstu sex:** 071086.  
**Upphaldsmatur:** Íslenskt grillað lambalæri.  
**Heimasíða:** Possunt.com.  
**Lönd sem ég hef hjólað í gegnum:** Ég er búin að fara í gegnum Svíþjóð, Danmörku og Þýskaland og á næstu þremur dögum fer ég í gegnum Lúxemborg, Belgíu og Frakkland.  
**Hlutirnir sem ég hugsa um á meðan ég hjóla ein í óbyggðum:** Ég hugsa mikið um fólkið sem ég hef hitt á ferðalaginu og hamingjuna.

# Hjólarar ein í gegnum Evrópu

**Kristín Grímsdóttir** ákvað að segja upp vinnu sem hún elskaði til að geta fylgt hjartanu og gert allt sem henni finnst skemmtilegast að gera

„Mest af öllu langar mig að sýna fram á að maður getur gert hvað sem maður vill ef maður ber sig eftir því. Fólk takmarkar möguleika sína alltof oft sjálft og hugsar að það geti ekki gert þetta eða hitt vegna einhvers sem er í raun fátíðlegt,“ segir Kristín Grímsdóttir sem nú er stödd í miðjum hjólaferðum í gegnum endilanga Evrópu ein síns liðs. Hún lagði af stað þann 1. maí síðastliðinn frá Stokkhólmi og stefnir til Grikklands. Hjólaferðatúrinn snýst þó um fleira en bara líkamsmál. „Á ferðalaginu mínu tek ég fólk á tal sem ég hitti af handahófi og ræði við það með áherslu á hamingjuna. Ég spyr það til dæmis út í hvað það gerir í lífinu og af hverju það fæst við það frekar en eitthvað annað. Að sama skapi þæli ég í því hvort fólk álitir líf sitt eitthvað sem gerist bara eða hvort það stýri ferðinni sjálf. Ég legg upp úr því að ræða við einstaklinga um hverjir þeir eru í staðinn fyrir að einblína á hvað þeir eru, eins og er svo algengt,“ bætir hún við en ásamt því að halda úti bloggri stefnir hún á að skrifa bók um ferðalagið síðar og seinna meir.

### Sagði upp vinnu sem hún elskaði

„Það hljómar dálítið dramatískt en þetta byrjaði á því að ég sagði upp vinnu sem ég elskaði. Ég er útskrifaður verkfræðingur og var með starf í Stokkhólmi sem var svo skemmtilegt að ég var farin að vinna allan sólarhringinn. Ég vann það mikið að ég náði til dæmis ekki að sinna öðrum áhugamálum eins og hreyfingu. Ég var búin að skrá mig í

skídagöngukeppnina í Vasa í Svíþjóð en druknaði alveg í vinnutörm með þeim afleiðingum að þegar að keppni var komið hafði ég ekkert náð að æfa mig. Þá rann auðvitað upp fyrir mér að ég þyrfti að sleppa því að taka þátt en á sama tíma hugsaði ég með mér að það hlyti að vera hægt að finna tíma fyrir allt sem ég hef áhuga á. Þá datt mér í hug að taka saman allt sem mér finnst skemmtilegast að gera, sem eru líkamlegar áskoranir, að hitta fólk og skrifa, og fékk þá hugmyndina að þessu ferðalagi. Daginn eftir sagði ég upp vinnunni og byrjaði að skipuleggja ferðina.“ Kristín segir ferðina hafa gengið vel og þar spilar inn í hve hjálpsamir allir hafa verið. „Ég er mikið spurð út í það hvort ég fer að því að fjármagna ferðina og það var reyndar þannig að ég var rænd kvöldið áður en ég lagði af stað í ferðina, svo þar með fóru allar fjárhagsáætlanir í vaskinn. Þá ákvað ég bara að sýna fólki að það er meira að segja hægt að gera þessa hluti án peninga, ég nota bara það sem ég hef. Síðan hef ég reyndar fengið tölvupósta frá öllum heimshornum frá fólki sem hefur viljað hjálpa til með persónulegri aðstoð eða styrkja mig fjárhagslega. Einu sinni fékk ég síðan fría gistingu á stað þar sem nóttin kostar 50.000 kr. bara með því að spyrja fólkið þar hvort það vildi styðja verkefnið,“ segir Kristín sem jafnframt segist ætla að byggja á reynslunni og tengslanetinu sem hún hefur þegar skapað sér til að stofna fyrirtæki seinna meir sem mun einbeita sér að því að hvetja fólk til að finna hamingjuna á svipaðan hátt og hún gerir nú.

HÆGT ER AÐ FYLGJAST MED KRISTÍNU Á WWW.POSSUNT.COM

## MMM

### MONITOR MÆLIR MEÐ...

#### Í IMBANUM

Þó þeir séu búnir að vera samtals í fleiri áratugi á skjánum þá er erfitt að fá nóg af sprellum í þeim Auða, Sveppa, Pétri Jóhanni og Steinda. Þeir félagar þurfa að leysa ýmsar þrautir og upplifa margt skrytið og skemmtilegt þegar þeir leggja undir sig Evrópu. Evrópski draumurinn fer í loftið annað kvöld á Stöð 2.



### Vikan á facebook



**Helgi Sæmundur Guðmundsson**  
 Ég var að konast að því, væntanlega síðastur allra, að það er einhver jurtt sem vex útum allt sem bragðast alveg eins og lakkrís. Ég er búinn að naga mig í gegnum tvær. Vona að þær séu ekki poison. Um síðustu helgi sá ég bíl með einkanúmerið Eazy-E. Það var kúl. 26. júní kl. 15:32



**Þórhallur Þórhallsson**  
 "Ert þú ekki bróðir Ladda?" - spurði ungur drengur mig um helgina. Ég er greinilega farinn að eldast í útli. 26. júní kl. 9:41



**Atli Fannar Bjarkason**  
 Spurt er um ár. Skljómsveitirnar Skítamóral og Söldög koma fram á útihátíð á Suðurlandi og Botnleðja troðfyllir Gauk á Stöng. Ólafur Ragnar Grímsson er í framboði til forseta Íslands og Óssur Skarphéðinsson gegnir ráðherraembætti. Guðjón Þórðarson stýrir fótboltið í efstu deild, geimverumynd eftir Ridley Scott er í bíó og Bubbi Morthens syngur um sjávarbyggðirnar á nýrri plötu. 26. júní kl. 12:02



**Ingólfur Þórarinnsson**  
 Hannes forsetaframbjóðandi er að fara að gifta sig í sumar, þetta framboðsdæmi var bara hluti af steggjunni. 25. júní kl. 23:59



**Hugli Halldórsson**  
 Sorry England að ég skyldi halda með ykkur. Heðði mátt vita það eftir að Holland og svo Frakkland duttu út. Sorry Portugal og svo sorry Spánn. Þannig til hamingju Þýskaland. Kv, Jinx 24. júní kl. 21:54



**Logi Geirsson**  
 Fyrir 2 árum settist ég með gítarinn í stofuna við hliðina á kærustunni minni og spilaði þetta lag. Ég var nýkominn með hringinn beint frá Monaco og fannst það mjög svo svalt þegar ég bað hennar. Finnst það reyndar enn í dag ;) 2 dögum síðar fæddi hún son okkar sem verður 2 ára á föstudaginn og hann er æðislegur. Hvernig báðuð þið um hönd konunnar ykkar? ;) 20. júní kl. 20:59

## FEITAST Í BLAÐINU

- 4 Villi naglbítur og Heiðar í Botnleðju kenna Begga í Söldög** hvernig á að snúa aftur.
- 7 Stíllinn fékk að gægjast inn á bráðhuggulegt heimili Gígju og Sigurðar.**
- 8 Sverrir hefur samið lag sem rataði inn á plötu sem seldist í 400.000 eintökum.**
- 13 Svart-höfði is rýnir í stórmyndina Batman Begins** úr bunkanum gamla góða.

## Efst í huga Monitor Af hestum og frelsi

Þessa dagana fer Landsmót hestamanna fram í Víðidalnum. Á hverjum morgni þegar ég er á leið til vinnu keyri ég framhá og finn undantekningalaust jákvæða strauma frá öllum þeim sem taka þátt í þessari hestagleði. Umferðin á það reyndar til að vera í hægari kantinum enda mýrgrútt af hestum og gestum sem þurfa að komast ferða sinna. En það er reyndar ekkert til að stressa sig yfir.

Ég hef sjálfur ekki farið oft á hestbak á minni ævi. Ætli ég hafi ekki farið svona fjórum sinnum í mesta lagi? Í fyrra fór ég með amerískum vinum mínum á hestbak þar sem hestarnir brokkuðu í mesta lagi. Það var ágætis upplifun en engan veginn fullnægjandi. Ég miðaði nefnilega alltaf við hestatúrinn sem ég fór í sumarið eftir 10. bekk þar sem ég og vinir mínir riðum út Löngufjörurnar. Minning sú er ein stór frelsistilfinning þar sem við hleyptum hestunum á skeið og stökk og við hreinlega svifum um fjörurnar innan um seli, erni og fallega náttúruna.

Það er einmitt þessi frelsistilfinning sem er ofarlega í huga Monitor þessa vikuna. Ég hef alltaf tengt frelsisupplifunina við það að gera eitthvað átakalaust með vindinn í hárinu. Þegar maður er staddur á heitri strönd á maður það til að drífa sig á Jet-Ski og bruna aldanna á milli án nokkurra skuldbindinga og hugsa um leið hvað lífið er ljúft. Þegar snjóörinn fellur og maður getur drífð sig í fjallið og rennt sér niður og fengið gleðitár í augun sé maður ekki með skídaglæraugu þá finnur maður hvað lífið er ljúft. Þó það sé ekki nema bara það að renna sér niður brekku á hjóli og leyfa sér jafnvel að sleppa höndum, þá finnur maður hvað maður er frjál.

Þrófaðu að stinga hausnum út um gluggann í næstu bílferð til að athuga hvort frelsið sé yndislegt. Skyldi maður verða leiður á því til lengdar að vera til?

Ykkar einlægur, Jón Ragnar

# KOMM BAKK

Þeir **Heiðar í Botnleðju** og **Villi Naglbítur** hafa báðir spilað á endurkomu-  
tónleikum með hljómsveitum sínum á þessu ári og því var það kærkomið  
fyrir **Begga í Sóldögg** að þiggja ráðleggingar frá þeim félögum áður en hann  
stígur á svið í fyrsta sinn í langan tíma á Bestu útihátíðinni aðra helgi.



**TOPP 10**  
RÁÐ SEM VERT  
ER AÐ HAFNA  
Í HUGA VIÐ  
ENDURKOMU.

## HEIÐAR Í BOTNLEÐJU

- 10.** Velja góðan slatta af lögum sem æfa á upp. Hafa þau fleiri fremur en færri svo hægt sé að velja úr. Lög sem virkuðu vel í denn gætu einhverra hluta vegna ekkert verið að virka í dag.
- 9.** Tryggja sér gott æfingahúsnæði þar sem hljómsveitin hefur daglegan aðgang.
- 8.** Já, ég sagði daglega. Æfa á hverjum degi. Æfingar ganga fyrir og ekkert helvítis væl.
- 7.** Fara yfir tækjakost hljómsveitarinnar. Hljóðfæri, effektar og snúður þurfa að vera í toppstandi. Það má EKKERT klikka upp á sviði. Einnig að tryggja að gítar- og bassaleikarar séu með auka-hljóðfæri.
- 6.** Til að byggja upp þol og þrótt er gott fyrir hljómsveitina að hittast þrisvar í viku og gera Mullersæfingar. Æfingarnar, sem eru byggðar á strokum og teygjum, styrkja líkamann, bæta andann og léttu lundina. Endurkomugigg eru aldrei undir einum og hálfum klukkutíma því þurfa þessir hlutir að vera í lagi.
- 5.** Passa upp á að nóg sé til af "söngvatni" á æfingum. Hressir, bætir og kætir!
- 4.** Mjög mikilvægt er að söngvarinn læri ALLA texta utanbókar. Það er ekkert eins hallærislegt og að vera með textamöppu á endurkomutónleikum.
- 3.** Skipta út allri mjólk fyrir TindaVodka vikur fyrir tónleika og borða svið í öll mál. Nauðsynlegt til að ná upp topp-sviðsframkomu.
- 2.** Æfa eins og brjálæðingar því þetta á ekki að vera eins gott og í denn. Þetta á að vera BETRA.
- 1.** ÆFA, ÆFA, ÆFA. Æfingin skapar meistarann. Þetta er jú heimsmeistarakeppni. Léleg endurkoma hljómsveitar getur skemmt allan ferilinn.

## VILLI NAGLBÍTUR

- 1.** Finna gamla strengi sem kostuðu 500 kr. Þetta er orðið allt of dýrt í dag og maður þorir ekki að misþyrma hljóðfærinu af ótta við að setja sig í skuldafangelsi með strengja-kaupum.
- 2.** Finna gamla svarta skyrtu til að svitna í og eyðileggja með svitafýlu. Ótrúlegt hvað þetta hangir í. Benni á samt eitthvert töfraefni, geymasýru eða eitthvað, sem losar þetta út. Við hinir fórnum bara fötunum.
- 3.** Horfa á Dumb and Dumber til að geta vitnað í hana baksviðs. Kári kann hana utanað og maður þarf að skilja hvað hann er að segja. Annars verður allt svo vandræðalegt.
- 4.** Gleðjast yfir því að einhverjir á tónleikunum voru sennilega getnir við lög af fyrstu plötunni okkar og koma þeirri mynd útúr hausnum.
- 5.** Passa að Kári kaupir sér örugglega ekki bassa sem bæði pickuppinn virka í, það myndi gerbylta Naglbíta-sándinu.
- 6.** Hringja í vini og fá til baka hljóðfæraradrasl sem maður hefur lánað.
- 7.** Hringja í lögguna þegar maður fattar að sennilega var einhverju stolið fyrir mörgum árum sem mann vantar núna.
- 8.** Horfa á rafmagnsgítarinn í smástund og fatta hvað þetta hljóðfæri er ógeðslega töff.
- 9.** Muna að segja takk við þá sem hlustuðu þegar við byrjuðum og við þá sem hlusta í dag.
- 10.** Redda æfingahúsnæði. Það er eitt sem breytist aldrei í þessum heimi og það er brasið við að æfa.
- 11.** Reyna ekki að gera hlutina alveg eins; gera þá betur, koma með það sem maður hefur í tónleikana og gefa í botn.
- 12.** Læra að telja upp að tíu.



# PANTAÐU ÞÉR PIZZU MEÐ APPI



Kynntu þér málið á [Dominos.is/App](https://dominos.is/App)

Það er fljótlegt og einfalt að panta pizzu með **Domino's** appinu.

- Skoðuðu matseðilinn
- Fylgstu með pöntuninni á Pizzuvaktinni
- Pantaðu máltíð
- Fáðu fréttir af tilboðum





HÉR VERSLA  
BARA DÚKKUR

# Dúkkuhúsið fjölgar sér

Fyrir í sumar opnaði **Dúkkuhúsið** nýja verslun á annarri hæð í Kringlunni en verslun þeirra á Vatnsstíg hefur gengið gríðarlega vel síðan hún var opnuð í nóvember 2009. Stíllinn kíkkti við í nýju búðina þeirra í Kringlunni og spjallaði aðeins við eigendurna og systurnar **Eddu Sif Sigurðardóttir** og **Söndru Rún Sigurðardóttir**.



SKÓLA-GER EDA  
SKÓ-LAGER?

**Hvað kom til að þið ákváðuð að opna aðra búð?**

Við höfum fengið svo frábærar viðtökur á Vatnsstígunum og eftirspurn eftir verslun okkar í Kringluna verið mikil þannig að þegar draumahúsnæðið losnaði ákváðum við að slá til.

**Hvernig hefur gengið eftir opnunina? Frábærlega á báðum stöðum. Það hefur fullt af nýjum kúnum bæst í hópinn.**

**Hvað hafið þið í huga þegar þið kaupðið inn í búðina?**

Við miðum alltaf við okkur sjálfar, hvort okkur finnst flíkin flott og hvort við myndum ganga í henni en auðvitað fylgjum við líka heitustu trendunum hverju sinni.

**Er sama úrval niðri í bæ og í Kringlunni? Ekki eins og er þar sem við opnuðum með allt nýtt í Kringlunni en erum að samræma búðirnar hægt og rólega.**

**Hver er eftirsóttasta varan í búðinni um þessar mundir?**

Gallastuttbuxur, bæði með göddum og bandaríska fánanum, er það allra heitasta og svo eru ciffon-skyrtur alltaf vinsælar.

**Hvað er heitasta trendið í sumar að ykkar mati?**

Neonlitir, gaddar og bandaríski fáninn.



KJÓLL: 8.990 KR.  
LEGGINGS: 12.990 KR.  
SKÓR: 10.990 KR.



SKYRTA: 8.990 KR.  
BUXUR: 9.990 KR.  
SKÓR: 9.990 KR.



## Stjörnustríð

**Britney Spears vs. Ashley Tisdale**

Bleiki Brian Lichtenberg-kjöllinn fer ljóskunum tveim virkilega vel. Ljósu liðuðu lokkarnir fara mjög vel með beika litnum og leyfa þær báðar skorunni að njóta sín en það eru ljósu hælarnir sem landa Ashley sigri að þessu sinni.

**Kristen Wiig vs. Jada Pinkett Smith**

Bridesmaids-stjarnan er flott í rauðum Valentino-samfestingi en hún fer of langt með rauðu skóna í stíl. Jada styttr sinn samfesting sem kemur mjög vel út og er í sætum hæla-söndul-um við. Hún á sigurinn fyllilega skilinn.

**Kate Hudson vs. Tyra Banks**

Fögru dómurnar klæddust þessum Marchesa-síðkjól hvor á sinn viðburðinn á dögnum. Kate velur hvíta litinn og tekur hárið upp en Tyra velur hindberjableika litinn og splæsir í klikkaðar krullur, það gefur henni 1. sætið.

**Minka Kelly vs. Emma Stone**

Skvísurnar tvær klæddust þessum leðurbol á dögnum. Þær nota báðar gallabuxur við bolinn en blómotta mynstrið á buxunum sem Minka klæðist og flotta gula veskið hennar gera heildarútlitið skemmtilegra og sumarlegra.



GÍGJA STUNDAR NÁM VIÐ SAMTÍMADANSBRAUT LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS OG SIGURÐUR STARFAR SEM ÞJÓNN ÁSAMT ÞVÍ AÐ VERA TÓNLISTARMADUR.



SIGURÐUR HEFUR ÁTT HANSA-HILLURNAR LENGI. SÍMABORÐIÐ VAR GERT UPP AF FORELDRUM SIGURÐAR. ÞAU ERU MIKLIR AÐDÁENDUR TEKK-HÚSGAGNA EN SKENKURINN OG HILLAN KOMA EINNIG FRÁ ÞEIM.

Myndir/ Sigurgeir S

# Fríða frænka og Góði hirðirinn í uppáhaldi

**Gígja Jónsdóttir** og **Sigurður Möller Sívertsen** búa saman í lítilli fallegri kjallaraíbúð í vesturbæ Reykjavíkur. Þau hafa bæði mikinn áhuga á hönnun en eru þó ekki alltaf sammála þegar kemur að stílnum á heimilinu. **Stíllinn** kíkti í heimsókn til Gígju og Sigurðar og fékk að litast um í fallegu íbúðinni þeirra.

**Hvernig myndu þið lýsa stílnum á heimilinu?**

Tilviljanakennd blanda af rómantískum og módernískum stíl.

**Hafið þið mikinn áhuga á hönnun?**

Já, okkur finnst mjög gaman að fallegum hlutum. Við erum mikið fyrir tímalausa hönnun, en erum ekki með puttana á púlsinum.

**Hvað hafið þið í huga þegar þið kaupíð húsgögn og skreytið heimilið?**

Við kaupum mjög sjaldan húsgögn en þegar við fluttum í

íbúðina fyrir rúmu ári þá vorum við svo heppin að fá notuð húsgögn frá fjölskyldum okkar. En svo höfum við sankað að okkur ýmsum öðrum smáhlutum sem gera heildarmyndina skemmtilegri.

**Hvað er uppáhalds húsgagnaverslunin ykkar?**

Hingað til höfum við bara keypt húsgögn í Góða hirðinum og í Fríðu frænku.

**Hafið þið sama smekk þegar kemur að stílnum á heimilinu?**

Nei alls ekki. Sigurður er mikið fyrir við og tekk en Gígja fyrir hvítt og bleikt. Sigurður þurfti til dæmis smá-tíma til þess að taka bleika sófann í sátt.

**Hvernig væri draumaheimilið ykkar?**

Annað hvort glerhýsi við strönd eða fallegt gamalt bárujárnshús. Hvort tveggja með sundlaug, vinkjallara og espressovél.

Ef þið þyrftu að mála alla íbúðina í einum lit öðrum en hvítum, hvaða litur yrði fyrir valinu? Kremaður eins og Sahara-eyðimörkin.



MYNDAVÉLIN KEMUR FRÁ ÖMMU OG AFA GÍGJU OG MÚSARINDILLINN ER LISTAVERK EFTIR LANGAFA GÍGJU. TRÉÐ FÉKK GÍGJA Í JÓLAGJÖF FRÁ SIGURÐI.



ARNE JACOBSEN-VEGG-KLUKKUNA GAF GÍGJA SIGURÐI Í AFMÆLISGJÖF.



MYNDIRNAR Á VEGNUM ERU GAMLAR FORSÍÐUR LJÓSMYNDABLAÐA EN ÞAÐ VAR FAÐIR GÍGJU SEM SMÍÐAÐI FATASLÁNA.



SKRIFBORÐIÐ FÉKK SIGURÐUR FRÁ FORELDRUM SÍNUM. Á VEGNUM FYRIR OFAN ÞAÐ HANGA LJÓSMYNDIR ÚR FERÐALÖGUM.



BLEIKA SÓFANN KEYPTUM VIÐ Á BARNALANDI EN VIÐ FENGUM BEISLITAÐA STÓLINN Í FRÍÐU FRÆNKU. MÓÐIR GÍGJU FANN SÓFABORÐIÐ Á SORPU OG GERÐI ÞAÐ SVONA FALLEGA UPP.



SKÓSAFNIÐ HENNAR GÍGJU.





## Síðasta sem ég...

### Síðasta *borg* sem ég heimsótti

**fyrir utan landsteinana:** Ég fór til Köben að spila á þorrlóti í íslenska sendiráðinu þar. Það var mjög hressandi. Ferðin sem ég fór á undan var samt kannski meira spennandi. Þá fór ég til Atlantic City á David Guetta-tónleika. Það var enn meira hressandi.



### Síðasti *veitingastaður*

**sem ég borðaði á:** Ég er alltaf úti að éta eitthvað því ekki nenni ég að elda. Ég fór á Saffran í gær með félögum mínum en síðasta skipti sem ég fór svona almennilega út að borða var á Sushi Samba eftir Hlustendaverðlaun FM957.



### Síðasta *biómynd* sem ég

**horfði á:** Það var franska myndin Intouchables. Hún var alveg geðveik. Hún er augljóslega öll á frönsku en maður hættir að þæla í því eftir fyrstu mínúturnar.



### Síðasti *hlutur* sem ég keypti

**mér:** Ég var að kaupa mér Mic frá Apogee, það er hljóðnemi sem er hannaður fyrir Garage Band á Mac-tölvum, iPhone eða iPad.



### Síðasta *húsv verk* sem ég

**innti af hendi:** Ég límdi internet-snúruna heima hjá mér upp fyrir dyrnar inni í stofu hjá mér svo hún lægi ekki alltaf fyrir dyrunum.



### Síðasta skipti sem ég sagði

**einhverjum að mér þætti vænt um hann:** Það var nú bara við kærustuna í gær þegar ég skutlaði henni út á flugvöll.



**2012**

Prýðir forsíðu  
Monitors 28.  
júni.

viotalið

**Mér skilst að aðstandendur þáttarins hafi hugsað sér gott til glóðarinnar með því að ráða poppsöngvara á skjáinn til að auka áhorfið á meðal kvenna. Það gekk hins vegar ekki alveg eftir, eða hvað?**

Nei, mér hefur að minnsta kosti alltaf verið sagt að áhorfið hafi rokið upp hjá karlmönnum í aldursflokknum 60-80 ára en haldist óbreytt í öðrum flokkum (hlær). Ég get ekki sagt að ég kunni skýringarnar á því, kannski lít ég út fyrir að það sé hægt að taka meira mark á mér heldur en Óla. Nei, það getur reyndar ekki verið.

Talandi um áhorfskannanir GameTívi, þá kom reyndar síðasta könnun sem við gerðum dálítið skemmtilega út. Þá var stærsti áhorfendahópur okkar nefnilega allt í einu orðinn konur á aldrinum 25-40 ára. Við vitum svo sem alveg sjálfir að það er ekki af því að við erum svo myndarlegir, þetta eru einfaldlega bara mömmur einhverra krakka sem horfa á þáttinn, en það þarf nú enginn að vita það.

**Hefur þig langað að taka að þér eitthvert annað verkefni innan sjónvarpsþáttagerðar?**

Ég er svo sem til í hvað sem er svo lengi sem það tengist einhverju áhugasviði mínu. Það er auðvitað ótrúlega gaman að vinna í sjónvarpi, þetta er skapandi vinna og svona. Það getur verið að maður fari í eitthvað annað seinna innan sjónvarps en það hefur svo sem ekkert legið alvarlega fyrir. Reyndar er ein hugmynd á grunnstigi hjá mér en sú hugmynd gengur út á að framleiða teiknimyndir. Ég var að klára margmiðlunarfræði í Tækniskólanum núna í vor og það er sem sagt á dagskrá að fara að búa til íslenskar teiknimyndir sem taka aðeins á þjóðfélaginu í smá „South Park-stíl“. Það á svo sem alveg eftir að útfæra hverjir myndu sjá um að skrifa þættina og svo framvegis, en sjálfur myndi ég allavega teikna og kannski tasetja eitthvað. Draumurinn er að framleiða nokkra 20 mínútna langa þætti sem myndu enda í sjónvarpi.

**Lendir þú í því niðri í bæ um helgar að fólk vindi sér upp að þér og syngi fyrir þig búið úr laginu Án þín?**

Já, ég lendi enn reglulega í því. Ég fæ oft línuna: „Ég skæri mér hjartað úr með skeið,“ og svo koma menn oft með línur úr Tvíhöfða-útgáfunni, eins og „Ég gæti lyft heilli þvottavél“. Það er bara fyndið en á Daysleeper-tímabilinu var ég reyndar orðinn of töff til að syngja þetta lag, þá var ég bara of upptekinn af því að vera með lopahúfu og að vera kúl í hljómsveit. Undanfarin ár hef ég síðan bara byrjað að syngja þetta aftur við hvert tækifæri því það er einfaldlega svo skemmtilegt. Fólk kann alltaf textann og syngur með.

**Það að heyra einhverja þýska óperugæja syngja lag sem þú hefur samið er mjög steikt tilfinning.**

**Þú ert forfallinn körfuboltaáhugamaður. Byrjaði þú að á körfuboltaðkun með Tindastóli? Hvort ert þú betri í alvöru körfubolta eða í NBA-tölvuleikjum?**

Jú, þetta byrjaði allt á Króknum, við vorum grimmir þar. Við urðum einmitt Íslandsmeistarar í 8. flokk svo við vorum með gott lið. Ég var reyndar mikið á bekknum, eða reyndar alltaf. Síðan ég var fimmtán ára hef ég spilað körfubolta tvisvar til sex sinnum í viku, svo ég er alveg forfallinn.

Við Auði erum náttúrulega ósigrandi í NBA Jam, grínlaust. Hann er skorari og ég sé um ruslaspilið. Við unnum leikinn í erfiðasta, sem sumir segja að sé ekki hægt. Það tók mikið á og við fögnuðum eins og við hefðum orðið heimsmeistarar þegar við unnum, þangað til við föttuðum hvað það væri kjánalegt að fagna svona mikið yfir tölvuleik. Ég er

## SVERRIR Á 30 SEKÚNDUM

**Fyrstu sex:**  
131180.

**Uppáhaldsmat-ur:** Saltfiskur.

**Uppáhaldsstaður í heiminum:** Sauðárkrúkur.

**Uppáhaldstónlistarmaður:** Bill Withers.

**Uppáhaldsleikjötölva:** Þessa stundina er það Playstation 3.

**Uppáhaldslína úr laginu Án þín:** „Ég skæri mér hjartað úr með skeið.“

**Æskuátrúnaðargoð:** Á tímabili var það Tony Yeboah í Leeds.

Hann var ástæðan fyrir að ég byrjaði að halda með Leeds, ég sé eftir því enn þann daginn í dag. Ég hlustaði líka endalaust á Freddie Mercury sem krakki.

svo sem líka ágætur í að spila körfubolta sjálfur en ef ég væri jafngóður í því og í tölvuleiknum, þá væri ég að minnsta kosti í úrvalsdeild.

**Eftir að Daysleeper leið undir lok fór aðeins minna fyrir tónlistarmanninum í þér en þú gafst engu að síður út sólóplötu.**

Þegar ég hætti á PoppTívi fór ég í smáverkefni með Reykjavík Records þar sem það átti að reyna að gera mig heimsfrægan. Þá ferðaðist ég um Evrópu til að semja lög með einhverju útlensku liði en síðan fór reyndar að halla undan fæti hjá þessu verkefni og ég endaði á að detta út úr því. Eftir það kom Eiður Smári inn í þetta og

hjálpaði mér að fjármagna plötuna sem kom síðan út árið 2008. Platan er helvíti góð en hún náði ekki miklu flugi því ég náði eiginlega ekkert að fylgja henni eftir. Ég vann náttúrulega plötuna með helling af liði úti um allt og það að ætla síðan að fara að spila þetta einn var mikið vesen. Ég var ekki með neina hljómsveit með mér og þetta var ekki þannig að ég gæti mætt eitthvert með undirspil á disk og ýtt á „play-takkann“. Af því ég náði ekkert að fylgja henni eftir þá dó þetta eiginlega bara og ég fékk eiginlega nóg af þessu tónlistarstússi í bili.

**Þú ert kannski ekki orðinn heimsfrægur tónlistarmaður, en þú átt þó lag sem hefur náð ansi langt úti í Þýskalandi án þess að nokkur viti af.**

Já, það var einu sinni einhver alþjóðleg lagasmíðasamkoma í Hvalfirði sem ég mætti á þar sem mér var falið að semja lag með einhverjum Norðmanni. Þar sömdu við eitthvert lag saman sem var svo sem ágætt en svo fór samstarfsfélaginn bara heim til Noregs aftur. Nokkru seinna heyrði ég aftur frá honum og þá var hann bara búinn að koma laginu að hjá einhverjum þýskum popptenórahóp í anda Il Divo og Luxor sem heitir Adoro. Lagið, sem heitir Schlaflied (Kein Stern der fällt) á þýsku, rataði meira að segja inn á plötu hjá þeim og sú plata er búin að seljast í einhverjum 400 þúsund eintökum svo ég fékk meira að segja einhver stefgjöld fyrir þetta og ég veit ekki hvað og hvað. Það að heyra einhverja þýska óperugæja syngja lag sem þú hefur samið er mjög steikt tilfinning (hlær).

**Í vetur hefur þú sungið Föstudagslagið í útvarpsþættinum FM95Blö í hverri viku. Hefur það kveikt neista í söngvaranum í þér aftur?**

Þegar ég hittu Halldór Gunnar ákváðum við að fara bara ofan í grunninn og fórum að spila á einhverjum pöbbum og svoleiðis til að hafa bara gaman af þessu. Síðan vorum við búnir að vera að því í nokkurn tíma þegar Auði byrjaði með útvarpsþáttinn sinn. Við búum náttúrulega saman og hann hefur alltaf verið þannig að hann fær mig alltaf til að syngja í öllum partíum og þegar útvarpsþátturinn fór í loftið vildi hann fá mig til að syngja þar líka. Þaðan kom þessi hugmynd og hún kveikti ákveðinn neista. Það hefur síðan gengið mjög vel, fólk hefur tekið vel í þessar einföldu kassagítarútgáfur af þekktum popplögum svo það hefur verið mjög skemmtilegt. Fyrir vikið ætlum við núna að gefa út Föstudagslagadisk með best heppnuðu lögnum núna eftir helgi á Tónlist.is svo þetta er allt á réttu leið.

**Þú syngur þjóðhátíðarlagið í ár og ert að gefa út plötu eftir helgi. Ert þú með fleiri tónlistarjárn í eldinum?**

Ásamt þessu sem þú nefnir þá stefni ég á að gefa út plötu í kringum októbermánuð. Þetta verður svona söngvaraplata þar sem ég verð með undirleikshljómsveit með mér. Helmingurinn af lögnum verður frum-saminn og svo á hinn helmingurinn að samanstanda af erlendum lögum sem okkur langar að íslenska. Það er nóg um að vera í því þessa dagana og þetta er allt bara mjög spennandi.

**Sérð þú fram á að fást við tónlist á næstu árum eða hyggst þú leggja eitthvað allt annað fyrir þig, til dæmis eitthvað sem tengist náminu sem þú ert í?**

Ég kem til með að syngja svo lengi sem ég hef rödd. Annars mun framtíðin bera T-in þrjú í skauti sér, það er að segja tónlist, tölvuleiki og teiknimyndir. Það verður allavega það sem ég kem til með að taka mér fyrir hendur í vinnumálum. Annað kemur bara í ljós.





**NÝTT**



# FANTA NÁTTÚRULEGA

INNIHOLDUR  
APPELSÍNUSAFA

MEÐ  
NÁTTÚRULEGUM  
BRAGÐEFNUM

ÁN  
GERVILITAR-  
EFNA

**Fanta**<sup>®</sup>  
ORANGE

Stinni: „Ég myndi gera næstum hvað sem er fyrir frægðina, nema kannski að koma nakinn fram“ **Með allt á hreinu (1982)**



THE AMAZING SPIDER-MAN  
HEIMSFURMSÝND  
4. JÚLÍ Í 3-D

SENDU SMS SPV Á NÚMERIÐ 1900  
ÞÚ FÆRÐ SPURNING OG SVARAR MEÐ  
ÞVÍ AÐ SENDA SMS SKEYTIÐ  
EST A, B EÐA C Á NÚMERIÐ 1900  
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!



**VILTU VINNA RAUÐA PS3?**  
Aðeins 100 stk. til landsins!

**FLOTTIR AUKAVINNINGAR:**  
LEIKFÖNG - TÖLVULEIKUR  
BÍOMÍÐAR - O.FL.

FULLT AF VINNINGUM!  
**RAUÐ PS3 TÖLVA**  
NÝJI SPIDER-MAN TÖLVULEIKURINN  
NÝJA SPIDER-MAN LEIKFANGIÐ - BÍOMÍÐAR OG FLEIRA!

\*AÐALVINNINGAR DREGNIR ÚR ÖLLUM INNSENDUM SKEYTUM 5. JÚLÍ 2012. VINNINGAR VERÐA AFHENTIR Í ELKO LINDUM, KÓPAVOGI. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB. 199 KR./SMS-ÍÐ. ÞÚ FÆRÐ 5 MÍNÚTUR TIL AÐ SVARA SPURNINGU. LEIK LÝKUR 5. JÚNÍ 2012



WWW.SENA.IS/SPIDERMAN



TSJERNOBYLAD  
LÍÐ, MAÐUR

## FRUMSÝNINGAR HELGARINNAR

### Chernobyl Diaries

Sex ungir ferðalangar fá þá hugmynd að gera eitthvað alveg nýtt í stað þess að feta troðnar slóðir annarra ferðamanna. Svo fer að þau ráða sér úkraínskan leiðsögumann sem fer með þau til hinnar yfirgefna borgar Pripjat í Úkraínu en fólkið sem bjó þar þurfti að yfirgefa heimili sín í skyndi árið 1986 þegar einn af kjarnaofnum Tsjernobyl-kjarnorkuverisins sprakk með þeim afleiðingum að banvæn geislun lagðist yfir borgina og risastórt landsvæði í kringum

**Leikstjóri:** Bradley Parker.  
**Aðalhlutverk:** Jesse McCartney, Jonathan Sadowski, Olivia Dudley, Dimitri Diachenko og Devin Kelly.  
**Lengd:** 86 mínútur.  
**Aldurstakmark:** Bönnuð innan 16 ára.  
**Kvikmyndahús:** Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Kringlunni, Akureyri og Keflavík.

hana. Enginn hefur búið þarna síðan, ekki svo vitað sé. Eftir að hafa skoðað sig um í borginni, meðal annars hvefinguna þar sem kjarnaofninn sem sprakk hafði verið, og tími er til kominn að drífa sig aftur til baka, kemur í ljós að ungmennin og leiðsögumaðurinn komast hvorki lönd né strönd því bíll þeirra fer ekki í gang. Fljótlega er myrkur skolið á og ljóst að ferðalangarnir munu neyðast til að eyða nótt á þessum afvikna og drungalega stað. En þau eru ekki ein.

Monitor ætlar að gefa miða á **Chernobyl Diaries**, fylgstu með ... [facebook.com/monitorbladi](http://facebook.com/monitorbladi)

# VILTU VINNA MIÐA?

#### KVIKMYND

### Franskur eðall

The Intouchables er einhver besta mynd sem ég hef séð í áráraðir. Hún er ótrúlega hugljúf en fyrst og fremst er hún hrikalega myndin. Það er langt síðan ég grét úr hlátri yfir bíómynd en þær eru margar senumar sem kitluðu hláturtaugarnar. Myndin fjallar um hinn moldríka Philippe og hinn fátæka Driss en þeir verða góðir vinir eftir að Philippe ræður Driss í vinnu. Philippe er lamaður fyrir neðan háls og þarf því mikla aðstoð allan sólarhringinn. Driss er aftur á móti ungur maður sem kemur úr mikilli fátækt og hefur verið á atvinnuleysisbótum í nokkurn tíma. Fljótlega verða þeir miklir vinir og bjarga í raun lífi hvor annars. Það umtal sem The Intouchables hefur fengið er mjög skiljanlegt því hún er ótrúlega góð í alla staði. Manni líður mjög vel eftir að hafa séð hana því hún kemur skemmtilega á óvart og ég er ekki frá því að hún hafi snert mig beint í hjartastað.



PHILIPPE HJÓLA-STÓLAR Á DRISS

franska kvikmyndagerð en engu að síður fannst mér aðalleikararnir tveir, François Cluzet og Omar Sy, standa sig frábærlega og þá sérstaklega Omar Sy. Hann var frábær í þessu hlutverki og vonandi sér maður hann oft. Aðalgallinn við The Intouchables var að persónan sem Omar Sy lék hefði mátt fá meiri tíma. Maður vissi ekki mikið um hann og margt var á huldu með hvað hann var og hvaðan hann kom en kannski var það eitthvað sem leikstjórinn var búinn að úthuga. Ég mæli eindregið með The Intouchables því það gerist ekki oft að svona góðar myndir komi fram. Hún fer hiklaust á listann yfir bestu myndir þessa árs en hún er einnig með þeim betri sem ég hef séð í áráraðir.

#### Aðalleikararnir frábærir

Ég viðurkenni fúslega að ég veit ekki mikið um



TÓMAS LEIFSSON

THE INTOUCHABLES



SVARTHÖFÐI.IS ...rýnir í bunkann



# Blés lífi í Batman

Leðurblokkumaðurinn var afskrifaður árið 1997 þegar Joel Schumacher misbauð aðdáendum grímu-klædda bófabanans sem og almennum bíogestum með myndinni Batman and Robin sem var svo slæm að líkamleg óþægindi voru meðal þeirra aukaverkana sem fylgdu því að sitja undir ósköpunum þar sem George Clooney og Arnold Schwarzenegger gerðu sig að fíflum í einni verstu bíómynd sögunnar.

Almennt var talið að Schumacher hefði með þessari skelfingu tekist að drepa Leðurblokkumanninn. Eitthvað sem Jökernum, Mörgæsinni og öðrum erkióvinum Batmans hafði aldrei auðnast. Það er því óhætt að segja að leikstjórinn Christopher Nolan hafi unnið kraftaverk með fyrstu Batman-mynd sinni, Batman Begins, þar sem hann reisti þennan skuggalega riddara götunnar upp frá dauðum með slíkum tilþrifum að hann hefur aldrei verið öflugri.



Nolan, handritshöfundur og aðalleikarinn Christian Bale bera nauðsynlega virðingu fyrir Batman og bjóða því ekki upp á nein fíflalæti í mynd sem gat af sér The Dark Knight, sem var ennþá betri en Batman Begins og nú stýttist í lokakafla Batman-ævintýris Nolans, The Dark Knight Rises og eftirvæntingin er nánast óbærileg.

Í Batman Begins eyðir Nolan miklum tíma og púðri í persónusköpun hetjunnar og að því leyti má segja að Nolan feti svipaða slóð og Tim Burton í tímamótamyndinni Batman frá árinu 1989. Þar var sett spurningarkerki við andlega heilsu hetjunnar og það sama er uppi á teningnum hér. Milljarðarferfinginn Bruce Wayne glímur við fortíðardrauga og reynir að vinna bug á sorginni sem heltók hann þegar foreldrar hans voru myrtir með því að berjast gegn glæpum í Gotham-borg.



Fyrsti hluti Batman Begins segir þessa sköpunarsögu Batmans og hér sækir handritshöfundurinn markvisst í myndasögubók Franks Miller, Batman: Year One, og það er varla hægt að hugsa sér traustari grunn fyrir öflugna Batman-mynd en einmitt þessa snilldarbók.

Efniviðurinn er líka svo safaríkur að það er töluvert líliðið á myndina áður en Batman birtist í allri sinni dýrð en það er nógu mikið í gangi til að maður finni ekkert fyrir fjarveru búningans og bílsins. Christian Bale smellpassar í hlutverkidið og búninginn loksins þegar hann kemur sér í hann og hér er loksins kom-



inn fram leikari sem ræður við báðar hliðar klofinnar persónu Bruce Wayne/Batmans. Bale toppar Michael Keaton, Val Kilmer og George Clooney án þess að reyna á sig og gerir Batman algerlega að sínum. Hann er svo dyggilega studdur frábærum aukaleikurum en þar fer Michael Caine fremstur sem hinn hundtryggi Alfred, einkapjónn Batmans.

Þá er Gary Oldman traustur að vanda sem Gordon, tilvonandi lögreglustjóri, og eini óspillti bandamaður Blaka innan lögreglunnar í Gotham. Morgan Freeman og Liam Neeson klikka ekki frekar en fyrri daginn og Rutger Hauer setur sinn svip á myndina í litlu hlutverki.

Nolan og samstarfsfólki tókst með samstilltu átaki að bjarga einni flottustu myndasögupersónu allra tíma úr því víti sem Joel Schumacher skóp henni fyrir fimmtán árum og á daginn kom að Batman Begins var svo sannarlega nýtt upphaf.

www.svarthofdi.is



# Hálendis spjót

**NYTT**

## Fjallalamb á framandi máta

Grillað fillet á spjóti, marinerað í hvítlauk, ólífuolíu, tímian & dijon sinnepi, borið fram á salatbeði með hægelduðum rauðlauk, ristuduðum sveppum, bakaðri kartöflu & hvítlauks dressingu

# 2.690 kr.

LIFE IS BEAUTIFUL

Grillhúsið Tryggvagötu og Sprengisandi, sími: 5275000, grillhusid@grillhusid.is, www.grillhusid.is

## TVÍFARAR?

Francois Cluzet úr myndinni The Intouchables og Dustin Hoffman eru líkir.

FRANCOIS CLUZET

DUSTIN HOFFMAN

### TÖLVULEIKUR



## Ef Newton hefði skitið..

..hefðum við getað gefið skít í þyngdarlögmálið og flögðað um eins og fuglinn fljúgandi. Það er einmitt inntakið í nýjasta leiknum á PlayStation Vita, Gravity Rush.

Hér fara leikmenn í hlutverk stúlunnar Kat, en í upphafi leiks er hún algjörlega búin að tapa minninu og er án nokkura skýringa stödd í hinni fljóttandi borg Heksville. Með henni í för er svartur köttur sem gefur henni vald yfir þyngdaraflinu. Þegar líður á leikinn áttar Kat sig betur á veru sinni í Heksville og nýtir hún krafta sína til að bjarga fólki borgarinnar og sigrast á allskyns illmennum.

Gravity Rush er þriðju persónu hasarleikur sem gerist í opnu og frjálsum umhverfi. Leikmenn ráða algjörlega hvernig þeir spila leikinn, en auk verkefna sem fleyta söguþræðinum áfram er í leiknum hellingur af mini-leikjum og aukaverkefnum sem leikmenn geta gripið í inn á milli til að auka fjölbreytni og fjör. Aukaverkefni geta gengið út á að hlaupa hratt, drepa sem flesta óvini á ákveðnum tíma, hoppa um og margt fleira. Kat

**Gravity Rush**  
**AAAAA**  
**Tegund:** Hasar- og hlutverkaleikur  
**PEGI merking:** 12+  
**Útgefandi:** Sony Computer  
**Dómar:** Gamespot 6,5 af 10 / IGN 7,5 af 10 / Eurogamer 9 af 10



getur hlaupið um og hoppað og svo getur hún gefið þyngdaraflinu fingurinn og labbað á veggjum og skotið sér á fjarlæga staði, en þessir hæfileikar gefa spiluninni ákveðinn frumleika sem gerir töluvert mikið fyrir leikinn.

Bardagakerfi leiksins byggir á þyngdarleysinu og getur Kat slöngvað sér í allar áttir og sparkað niður kvikindi leiksins sem eru af öllum stærðum og gerðum. Þegar líður á leikinn geta leikmenn hækkað Kat um „level“, safnað nýjum hæfileikum og bardagabrögðum og gert aðra hluti sem við þekkjum úr hlutverkaleikjum.

Grafikin í Gravity Rush er stórkostleg og er söguþræðinum fleytt skemmtilega áfram með sama hætti og í hasarmyndablöðum. Tónlistin er stórbrotin og hljóð leiksins mjög vel hækfandi.

Það er klárt að Gravity Rush er algjör skyldueign fyrir PlayStation Vita-eigendur, enda einhver safaríkasta steik sem fram hefur verið borin á tölvuna.





**HVAÐ ER TÍTT?**

Nafn: Sara Björk Gunnarsdóttir  
 Á forsíðu: 19. maí 2011  
 Fyrirsögn viðtals: Vildi alltaf vera best

Í dag er ég í Malmö og Hákon, unnusti minn, er í heimsókn, það er algjör snilld. Þá gerum við yfirleitt vel við okkur í mat og drykk og njótum þess að vera saman. En síðan ég var á forsíðunni hjá Monitor þá hefur líf mitt ekki snúist um mikið annað en fótbolta og síðasta haust varð ég sænskur meistari með ldb Malmö og spilaði í 8 liða úrslitum í meistardeildinni við Frankfurt og pakkaði Melanie Behringer (Schweinsteiger) saman, en hún spilar á miðjunni í þýska landsliðinu. Hef svo verið að spila með landsliðinu í undankeppni EM og hefur það gengið bara vel, erum tveimur leikjum frá því að komast á EM sem verður haldið í Svíþjóð 2013 - algjör snilld. Svo til að toppa seinasta ár fór karlinn á skeljarnar og ég sagði auðvitað JÁ! Í dag er tímabilið hálfnað og við erum á toppnum með 3 öðrum liðum og stefnan sett á annan titil þetta ár. Svo er sumarfrí hjá mér í júlí og verður yndislegt að koma heim til Íslands að hitta vini og fjölskyldu.



**LOL-MAIL MONITOR**

Heill og sæll Örn. Guðni Ágústsson skoraði á þig að segja okkur litla skýrtilu. Það er eitthvað sem segir mér að þú eigir auðvelt með að spauga.

Mér finnst skemmtilegastir örbrandarar (e. one liners) eins og þessir: „Læknir, ég finn svo til þegar ég geri svona.“ „Ekki gera það þá.“  
 eða... Maður kemur inn í forn-gripabúð „Góðan dag, ert þú búinn að fá eitthvað nýtt?“  
 eða... Ætli dvergar séu smásálar?

Ég skora á Halldór Úlfarsson úrsmið og bílamann að finna meira grín.

Kv. Örn Árnason

**LOKAPRÓFIÐ**

| 28. júní 2012 |  
**MONITOR**  
 skólinn

Ég heiti Pétur Jóhann.

Ef ég væri ekki Pétur Jóhann Sigfússon myndi ég helst vilja vera

Þú veist hver ég er af því að eg het verið hér í 40 ár.

Þegar ég vann keppnina um fyndnasta mann Íslands árið 1999 varð ég opinberlega fyndinn en áður en það gerðist

- a) vann ég í Byko þar sem ég átti það til að segja einn og einn brandara við viðskiptavinina.
- b) stofnaði ég fyrstur manna á Íslandi gagnvirk gagnasafn á internetinu ásamt vini mínum Þresti Þrándi.
- c) var ég sannfærður um að Jörðin væri flöt og að við værum ekki komin af öpum.
- d) \_\_\_\_\_

Uppáhaldsrödd úr eigin smíðju er

- a) ameríski gæinn sem pantar sér hótélherbergi
- b) ásíski gæinn sem pantar sér hótélherbergi
- c) kötturinn góði
- d) Jón Ársæll
- e) \_\_\_\_\_

af því að \_\_\_\_\_

Það mikilvægasta sem þarf að hafa í huga í gríninu er að

- a) geta gert grín að sjálfum sér.
- b) hlæja óeðlilega mikið að eigin bröndurum.
- c) stela bröndurum af internetinu og þykjast eiga þá sjálfur.
- d) þrekka nóg af vatni.
- e) \_\_\_\_\_

Á morgun er fyrsti þátturinn í Evrópska draumnum sýndur kl. 2005

á Stöð 2 en þar er ég með Sveppa í liði og við keppum á móti Audda og Steinda. Liðskipanin er svona af því að

- a) ég kann illa við Steinda af því að hann er alltaf að reyna að stela af mér titilinum grínkóngur Íslands.
- b) Auddi er alltaf að tala um hvað kaupin á Hyundai Coupe '97 hafi verið léleg.
- c) Sveppi er svo fallegur og ég vil bara hanga með fallegu fólki.
- d) \_\_\_\_\_

**SÍÐAST EN EKKI SÍST**

► **Haraldur Franklín Magnús, kylfingur, filar:**

**KVIKMYND:**

Intouchables, hrikalega góð frönsk mynd í bíó núna. Bjóst ekki við neinu en hún kom skemmtilega á óvart. Besta mynd ársins hingað til. Svo bíð ég spenntur eftir Expendables 2 og mér finnst skylda að sjá allt eftir Tarantino.

**ÞÁTTUR:** Band of Brothers. Þættir eftir Tom Hanks og Spielberg. Fjalla um hermenn í WW2 og eru hrikalega góðir. Get líka nefnt Breaking Bad um efnafræðinginn á grafarbarminum sem neyðist til að búa til eitruyf til að safna pening fyrir fjölskyldu sinni.

**BÓK:** Les voðalega lítið en las bókina „Gamlinginn sem skreið útum gluggann og hvarf“. Hún var virkilega góð.

**PLATA:** Pink Floyd - Dark Side of the Moon, klikkar ekki! Ég myndi gefa aðra höndina fyrir miða á tónleika með þeim.

**VEFSÍÐA:** Facebook, ég sé alltaf eftir að hafa fengið mér aðgang en maður er orðinn þvilkur fíkill. Á eftir henni kemur Kylfingur.is.

**STAÐUR:** KR-völlurinn, alltaf gaman að sjá KR sigra þar. Ég var þarna 24/7 þegar ég var lítill og það er alltaf gaman að koma þangað. Ég verð líka að nefna Korpúlfsstaði, besta golfvöll landsins, auk þess sem ég kann vel við erlenda strönd í 30 gráðu hita.



- a) Pétur Kr Hafstein, hæstaréttardómari og forsetaframbjóðandi 1996
- b) Pétur Pétursson, fyrrverandi markamaskína
- c) Pétur Örn Guðmundsson, Pétur Jónsson
- d) Auddi Bló

af því að er svo Fallegur.

Það erfðasta við að vera grínisti er

- a) að eiga við höfnunina þegar enginn hlær að brandaranum þínum.
- b) að þurfa sífellt að útbúa nýtt og ferskt efni og segja skilið við það gamla og góða sem virkaði svo vel.
- c) að burðast með allan peninginn sem ég fæ beint í vasann um helgar.
- d) hættan þegar Mýkri hægðir

Ég kann best við mig

- a) í útvarpi.
- b) í sjónvarpi.
- c) á sviði.
- d) Heima

Eiginhandararitunin mín lítur svona út:

Pétur Jóhann Sigfússon

Á laugardaginn fara fram forsetakosningar og þá ætla ég

- a) að kjósa Ólaf Ragnar Grímsson af því að ég lék nafna hans í Vakta-þáttaröðunum.
- b) að kjósa Þóru af því að hún hefur svo mikla útgeislun.
- c) að skila auðu af því mér er alveg sama um þetta dæmi.
- d) kjósa Hannes af því að hann er með svo fallegan hreim.
- e) að kjósa rétt en ég ætla ekki að deila því hér með alþjóð hvað ég kys.

Ef ég væri ekki grínisti þá væri ég

- a) tamningamaður.
- b) smíður.
- c) önnþá í Byko.
- d) \_\_\_\_\_

Ef ég mætti gera Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa

Ég er ekki með Facebook



**VEL GERT**

Mig langar að hrósa Bassa Ólafssyni í hljómsveitinni Kiriya Family. Þeir gáfu nýverið út sína fyrstu plötu sem ég hef hlustað endalaust á að undanförmu en Bassi tók

upp plötuna og hljóðblandaði ásamt því að vera trommari sveitarinnar. Erna Kristín Stefánsdóttir



**ÉG HEF ALDREI**

ÁSGEIR ORRI

1 ... verið stunginn af einhverskonar stunguflugu. Og óvissan að vita ekki alveg hversu mikill sársauki fylgir gerir óttann hrikalegan.

2 ... getað bundið venjulegan skóhnút. Jebb, ég tjasla bara reimumum einhvern veginn þegar ég reima skóna.

3 ... verið hrifinn af Pizza Hut. Mér finnst alltaf allir peppa það svo óþarflega mikið eitthvað.

4 ... séð Godfather-myndirnar. Mín afsökun hefur alltaf verið að ég sé ekki orðinn nógu þroskaður, ég horfði til að mynda á Scarface þegar ég var alltof ungur og fannst hún bara ömurleg fyrir vikið.

5 ... farið sáttur út úr klippingu. Mér finnst klippingu mín bara alltaf ömurleg, undantekningalaust.

# ERTU Á LEIÐinni ÚT Á LAND?



SKJÁREINN



SMELLTU ÞÉR INN Á SKJARINN.IS OG  
VIRKJAÐU **NETFRELSIÐ**.

Þú getur horft á uppáhalds þáttinn þinn hvar sem er –  
hvenær sem er! Tryggðu þér áskrift í síma **595 6000**.

SKJÁREINN AÐEINS **3.790 kr.**

**NETFRELSI  
FYLGR MEÐ  
ÁSKRIFT AÐ  
SKJÁEINUM**

gríptu  
með þér  
**ÞREFALT**  
betra  
tyggjó



**Nýtt Mentos tyggjó**